

Heiti verkefnis: Endurskipulagning námsleiðanna BS og MS í lyfjafræði

Ábyrgðaraðili: Helga Helgadóttir, lektor við Lyfjafræðideild HÍ

1. Inngangur og tilgangur verkefnis

Tilgangur verkefnisins var að endurskoða og endurskipuleggja námsleiðir í lyfjafræði við Háskóla Íslands, bæði á BS- og MS-stigi. Verkefnið byggði á þeirri sýn að styrkja fræðilegan og faglegan grunn námsins, samræma námsleiðirnar við þróun lyfjafræðimenntunar á Norðurlöndum og innan EU/EEA, ásamt því að bæta skýrleika og samfellu námsleiðanna með því að tryggja að þær byggðust á vel skilgreindum hæfniviðmiðum sem endurspeгла kröfur fagsins, alþjóðleg viðmið og þarfir starfsvettvangs lyfjafræðinga á Íslandi.

Í umsókn til Kennslumálanefndar var lögð áhersla á kerfisbundna greiningu á sambærilegum námsleiðum, þróun sviðsmynda fyrir nýtt námsskipulag, víðtækt samráð við innri og ytri hagsmunaaðila og að lokum uppsetningu nýrrar námsskrár. Verkefnið var hugsað sem undirbúningur að raunverulegri innleiðingu nýs náms fyrir komandi nemendur í lyfjafræði.

2. Framkvæmd verkefnisins

A. Kortlagning á námsleiðum í lyfjafræði

Fyrsti hluti verkefnisins fólst í kortlagningu á námsleiðum í lyfjafræði í öðrum norrænum löndum og innan EU/EEA. Skoðaðar voru opinberar námsskrár, skipulag náms, lengd og uppbygging námskeiða, sem og áherslur á hæfniviðmið og tengsl við starfsvettvang. Jafnframt var haft samband við fulltrúa erlendra háskóla eftir því sem við átti til að fá nánari skýringar á uppbyggingu náms og þeim breytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum. Að auki heimsóttu fulltrúar endurskipulagningarnefndarinnar Utrecht-háskóla í Hollandi, þar sem kynnt var uppsetning lyfjafræðinámsins þar, en Utrecht-háskóli er mjög framalega í menntun lyfjafræðinga í Evrópu og hafa nýlega gert umtalsverðar breytingar á náminu hjá sér.

Niðurstöður kortlagningarinnar voru dregnar saman og ræddar innan Lyfjafræðideildar og nýttar sem mikilvægt viðmið í áframhaldandi vinnu.

B. Þróun sviðsmynda fyrir nýtt námsskipulag

Á grundvelli kortlagningarinnar voru settar upp nokkrar sviðsmyndir fyrir mögulegt nýtt skipulag náms í lyfjafræði. Sviðsmyndirnar endurspegluðu mismunandi áherslur, meðal


annars hvað varðar samfellu milli BS- og MS-náms, skiptingu fræðilegs og hagnýts náms, og skýrleika námsleiða fyrir nemendur.

Sviðsmyndirnar voru ræddar á fundum innan deildarinnar, bornar saman og metnar með tilliti til framkvæmanleika, fræðilegrar heildar og samræmis við viðmið Evrópuráðs (EU directive) um kröfur sem settar eru fram um lyfjafræðinám í Evrópu. Í kjölfarið var ákveðin sú sviðsmynd sem talin var best þjóna markmiðum deildarinnar og framtíðarþróun lyfjafræðinámsins á Íslandi.

C. Samráð og samstarf


Mikil áhersla var lögð á samráð við bæði innri og ytri hagsmunaaðila. Verkefnið var ítrekað kynnt og rætt innan Lyfjafræðideilda og unnið var markvisst með ábendingar og endurgjöf frá kennurum, nemendum og öðrum hagsmunaaðilum, þar með talið útskrifuðum lyfjafræðingum.

Samráð fór m.a. fram með þeim hætti að haft var samband við Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) og var öllum meðlimum félagsins boðið á kynningu á fyrirhuguðum breytingum á kennsluskránni. Slíkt samráð var mikilvægt til að tryggja að nýtt námsskipulag endurspeglaði þarfir starfsvettvangarins og styddi við faglega þróun útskrifaðra lyfjafræðinga. Auk þess var sent út 8 mínútna myndband á alla meðlimi félagsins þar sem fyrirhugaðar breytingar voru kynntar efnislegar og þau beðin í kjölfarið að svara stuttri spurningakönnun. Alls svöruðu 49 útskrifaðir lyfjafræðingar könnuninni (9% félagsmanna). Niðurstöðurnar voru greindar og nýttar við lokaskipulag nýju námsskrárinnar. Þá voru helstu niðurstöðurnar kynntar á veggspjaldi á árlegri ráðstefnu lyfjafræðideilda í Evrópu (EAFP) vorið 2025. Mynd 1 sýnir dreifingu starfsvettvangs þeirra sem svöruðu könnunni.




Mynd 1: Starfsvettvangur lyfjafræðinga sem svöruðu spurningakönnunni

Þátttakendur voru m.a. spurðir út í upplifun þeirra af lyfjafræðináminu sem þau tóku á sínum tíma og hvaða námskeið eða efnisatriði hafi gagnast þeim best í þeirra starfi sem lyfjafræðingar (Mynd 2).



Mynd 2: Námskeið og fræðasvið sem svarendur töldu gagnlegust fyrir núverandi starf sitt á sviði lyfjafræði. Svarendum var heimilt að nefna fleiri en eitt námskeið eða fræðasvið.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að raða átta fræðasviðum innan lyfjafræðinnar eftir mikilvægi fyrir framtíðarmenntun í lyfjafræði. Klínísk lyfjafræði og lyfjafræðileg verkun (pharmacology) hlutu hæstu einkunnirnar, en svið á borð við lyfjagreiningu og lyfjafaraldsfræði voru almennt metin minna mikilvæg (Mynd 3).



Mynd 3: Mikilvægi ólíkra námssviða í lyfjafræðinámi að mat íslenskra lyfjafræðinga (n = 46). Þátttakendur röðuðu átta fræðasviðum frá mikilvægustu til minnst mikilvægu. Niðurstöður eru sýndar sem hlutfall svarenda (%).

Það sem einnig kom skýrt út úr könnun útskrifaðra lyfjafræðingar var að yfirgnæfandi meirihluti svarenda (89%) lýsti yfir stuðningi við fyrirhugaðar breytingar á námskránni, sem bendir til víðtæks samhljóms um að endurskoðunin muni styrkja lyfjafræðimenntun á Íslandi.

D. Uppsetning nýrrar námsskrár

Í lokahluta verkefnisins var unnið að formlegri uppsetningu breytts skipulags námsins. Það fólst meðal annars í:

- skilgreiningu hæfniviðmiða fyrir BS- og MS-námsleiðirnar í heild,
- mótun heildarramma námsleiðanna,
- endurskipulagningu og þróun námskeiða í samræmi við nýtt skipulag.

Þessi vinna lagði grunn að fullmótaðri námsskrá sem síðar var lögð fyrir og samþykkt samkvæmt viðeigandi ferlum innan deildarinnar og Háskóla Íslands.

3. Niðurstöður og afrakstur

Helsti afrakstur verkefnisins er nýtt og endurskipulagt nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Ný námsskrá var samþykkt og innleidd, og fyrstu nemendur hófu nám samkvæmt henni haustið 2025.

Verkefnið skilaði jafnframt:

- skýrari og samræmdari uppbyggingu BS- og MS-náms,
- aukinni áherslu á hæfniviðmið og heildstæða námsframvindu,
- sterkari tengingu við alþjóðleg viðmið og starfsvettvang lyfjafræðinga.

Ef dregnar eru saman helstu breytingar í endurskipulagðri námsskrá má sjá að ný námsskrá felur í sér verulegar skipulagsbreytingar með aukinni áherslu á samþættingu námskeiða og hagnýta nálgun. Þetta felur m.a. í sér samþættingu námskeiða þar sem lyfjaefnafræði, lyfjafræðileg verkun, lyfjameðferðir og sjúkdómafræði eru tekin fyrir á kerfisbundinn hátt í sama námskeiðinu. Þá var lögð áhersla á að undirbúa nemendur á BS stigi fyrir hlutverk sitt í lyfjafræðilegum störfum í apótekum.

Á MS-stigi var lögð áhersla á að undirbúa nemendur fyrir fagleg hlutverk á sviði klínískrar lyfjafræði, lyfjaiðnaðar og annarra faglegra starfa á sviði lyfjafræði, með því að byggja á þeirri grunnþekkingu sem aflað er í BS-náminu. Á sama tíma var lögð áhersla á að veita nemendum aðgang að fleiri valnámskeiðum, með það í huga að auka sjálfstæði þeirra í námi og efla námsreynslu.

4. Mat á verkefninu og lærdómur

Verkefnið gekk að mestu leyti samkvæmt áætlun og sýndi mikilvægi þess að vinna slíka endurskipulagningu á markvissan og samráðsmiðaðan hátt. Sérstaklega reyndist dýrmætt að byggja ákvarðanir á ítarlegri kortlagningu og virku samtali við hagsmunaaðila innan sem utan deildarinnar.

Helstu áskoranir fólust í að samræma ólíkar áherslur og sjónarmið, sem er óhjákvæmilegt í umfangsmikilli námsþróun. Reynslan undirstrikar þó mikilvægi þess að gefa slíkum ferlum nægan tíma og rými.

5. Næstu skref

Innleiðing nýrrar námsskrár markar ekki endapunktur heldur upphaf áframhaldandi þróunar. Næstu skref felast meðal annars í:

- eftirfylgni með framkvæmd námsins,
- uppsetningu og samþættingu fjölda nýrra námskeiða,
- reglulegu mati á reynslu nemenda og kennara,
- endurskoðun og fínstillingu námsins eftir því sem reynsla fæst af fyrstu árgöngum.

Kópavogur, 18. Desember 2025

Helga Helgadóttir, lektor við Lyfjafræðideild